

## Náms- og kennsluáætlun í samfélagsgreinum

8. bekkur 2025 – 2026 (bekkir 81 og 85)

### Kennari/kennarar:

Alda Sverrisdóttir [alsv50@reykjavik.is](mailto:alsv50@reykjavik.is) og Elsa Gissurardóttir [elgi52@reykjavik.is](mailto:elgi52@reykjavik.is)

### Námsgrein

#### Námsgreinin **Samfélagsfræði**

Samfélagsgreinar eru þær greinar sem fjalla um samfélög og menningu á upplýsandi og gagnrýnninn hátt. Þær eiga sér grundvöll í þeirri skyldu hvers samfélags að fræða nemendur um gildi eins og jafnrétti, lýðræði, umhyggju og virðingu og þýðingu þessara gilda fyrir farsælt líf.

### Námsefni

#### *Um víða veröld: jörðin*

#### *Lýðræði og tækni*

**1918**

#### *Efni frá kennara*

Námsefnið er hægt að nálgast inni á mms.is, þá bæði hljóðbækur og rafbækur. Það verður einnig í bókaformi, greinar, á vef, verkefni frá kennara á Google Classroom o.s.frv.

Kennarar efla læsi nemenda með því að vinna markvisst með hugtök í samfélagsgreinum.

### Kennsluaðferðir / leiðsagnarnám

Í skólanum er unnið í anda leiðsagnarnáms sem byggir á fimm stoðum. Saman leiða þær að jákvæðari námsmenningu þar sem verkefni eru fjölbreytt, mistök eru nýtt til framfara, markmið og viðmið að settu marki eru skýr. Skipulag byggir á samræðum þar sem nemendur fá tækifæri til þess að tjá sig um námsefnið og kennarar leggja áherslu á leiðsagnarmat, leiðbeinandi endurgjöf. Saman gegna þessar aðferðir því hlutverki að valdefla nemendur og gera þá virkari og ábyrgari í eigin námi.

Sjá frekari upplýsingar [á þessari vefslóð](#).

### Námsmat/endurgjöf

Í skólanum er lögð áhersla á leiðsagnarmat. Kennarar hjálpa nemendum til raunhæfs sjálfsmats, gera þeim grein fyrir markmiðum náms og hvernig miðar í átt að þeim. Nemendur velta reglulega fyrir sér námi sínu með kennurum sínum til að nálgast eigin markmið í náminu og ákveða hvert skal stefna. Nemendum er ljóst hvaða viðmið eru lögð til grundvallar í matinu.

Form námsmatsverkefna eru fjölbreytt og í samræmi við kennslutilhögun og höfða til sem flestra matsþátta. Þannig eru metin munnleg verkefni, verkleg og skrifleg, myndræn, stuttar afmarkaðar æfingar og dýpri athuganir, einstaklingsverkefni og hópverkefni, verkefni sem unnin eru á afmörkuðum tíma og óafmörkuðum og próf af ýmsu tagi. Stundum er unnið að möppu eða vinnubók,

Þar sem nemandi safnar saman verkefnum og úrlausnum, t.d. með rafrænum hætti. Með því móti má fá yfirsýn yfir það hversu vel nemandinn hefur unnið, ástundun, virkni, vinnubrögð, framfarir nemenda og félagsfærni. Í námsmati er einnig tekið tillit til sérþarfa nemenda og sértækra námsörðugleika þeirra.

### Stefna skólans og sveitarfélagsins:

Eins og fram hefur komið er lögð áhersla á leiðsagnarnám sem útskýrt hefur verið hér að framan. Við skipulag kennslunnar er einnig hugað að einkunnarorðum skólans sem eru: Ánægja, áhugi, ábyrgð og árangur þar sem ánægður nemandi sem nálgast námið af áhuga og ábyrgð nær árangri. Menntastefna Reykjavíkurborgar leggur áherslu á fimm meginþætti, félagsfærni, sjálfsefningu, læsi, sköpun og heilbrigði en þættirnir tengjast viðmiðum aðalnámskrár grunnskóla og þá sérstaklega grunnþáttum menntunar (sjá hér fyrir neðan) auk leiðsagnarnáms.

### Grunnþættir menntunar:

Grunnþættir menntunar eru fléttaðir inn í allt skólastarf en áherslur hafa verið lagðar fyrir hvert fag á hverju skólastig. Þættirnir eru læsi, sjálfbærni, sköpun, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti. Horft er til eftirfarandi þátta þegar verkefni eru sett upp og metin.

| Grunnþættir menntunar í samfélagsfræði |                                                                                                                                                                                                                                                                                     |
|----------------------------------------|-------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| Grunnþáttur                            | Áhersluþættir 8. - 10. bekkur<br>Nemandi:                                                                                                                                                                                                                                           |
| Heilbrigði og velferð                  | <ul style="list-style-type: none"> <li>vinnur sjálfstætt og í hóp og sýnir frumkvæði,</li> <li>fær tækifæri til að vinna út frá áhuga og styrkleika,</li> <li>beitir grunnfærni og undirstöðuatriðum í vinnubrögðum,</li> </ul>                                                     |
| Jafnrétti                              | <ul style="list-style-type: none"> <li>fer eftir reglum og vinnur með jafnrétti að leiðarljósi,</li> <li>temur sér gagnrýna hugsun og skoðun,</li> <li>fræðist um mismunun og forréttindi fólks í viðum skilningi,</li> </ul>                                                       |
| Lýðræði og mannréttindi                | <ul style="list-style-type: none"> <li>fær tækifæri á að velja verkefni við hæfi,</li> <li>tekur tillit til skoðana annarra,</li> <li>kemur fram við aðra af virðingu og ábyrgð,</li> <li>fær tækifæri til að læra um lýðræði, til lýðræðis, í lýðræði,</li> </ul>                  |
| Læsi                                   | <ul style="list-style-type: none"> <li>öðlast þekkingu á menningarläsi, svo sem ákveðnum menningarverðmætum og sögulegum staðreyndum,</li> <li>tjáir sig um verkefni sín og notar hugtök sem tengjast viðfangsefninu,</li> <li>nýtir tækni sem hentar til verkefnavinnu,</li> </ul> |
| Sjálfbærni                             | <ul style="list-style-type: none"> <li>notar kennslubækur og önnur hjálpargögn við vinnu sína,</li> <li>sækir sér efni á veraldarvefinn,</li> <li>tekur þátt í samvinnu,</li> </ul>                                                                                                 |
| Sköpun                                 | <ul style="list-style-type: none"> <li>nýtir tæknina á skapandi hátt,</li> <li>virkjar hugmyndaflugið til að vinna að og finna lausnir á verkefnum.</li> </ul>                                                                                                                      |

### Lykilhæfni

Í samfélagsgreinum er einnig horft til lykilhæfni við skipulag kennslunnar. Lykilhæfni er sú hæfni sem snýr að nemandanum sjálfum og er ætlað að stuðla að alhliða þroska hans. Lykilhæfni tengist öllum námssviðum. Hún snýr að hæfni í tjáningu og miðlun, skapandi og gagnrýnni hugsun, sjálfstæði og samvinnu, nýtingu miðla og upplýsinga og ábyrgð og mat á eigin námi sjá nánar [á þessari vefslóð](#).

#### Námsaðlögun:

Leitast er við að mæta þörfum allra nemenda. Fyrir sterka námsmenn þýðir það halda eins langt og hægt er og fyrir seinfæra þýðir það hugsanlega meiri stuðning innan og/eða utan kennslustofu. Nemendur hafa ólíka hæfileika, áhugamál og þarfir og því er reynt mæta eins og kostur er.

#### Kynning á náms- og kennsluáætlun

Náms- og kennsluáætlanir Árbæjarskóla eru öllum aðgengilegar á vefsíðu skólans frá og með 25. ágúst 2023 og tilkynning um birtingu þeirra er send foreldrum.

#### Stefna og reglur námsgreinarinnar

|                                        |                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                      |
|----------------------------------------|------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| Samskipti                              | Nemendur skulu sýna hver öðrum virðingu í samskiptum með því að hlusta og bera virðingu fyrir skoðunum.                                                                                                                                                                                                                                              |
| Mæting                                 | Allir mæta á réttum tíma með bækur, tölvu, skriffæri og önnur nauðsynleg gögn.                                                                                                                                                                                                                                                                       |
| Virgni í tímum                         | Nemendur nýta kennslutímann vel og vinna að þeim verkefnum sem lögð eru fyrir og ganga jafnframt frá kennslugögnum í lok kennslustundar. Lögð er áhersla á virkni nemenda í tímanum og samtal við kennara/samnemendur um námið.                                                                                                                      |
| Skil á verkefnum - sein skil           | Nemendur skulu skila verkefnum á þeim tíma sem kennari hefur sett fyrir.                                                                                                                                                                                                                                                                             |
| Ritstuldur/svindl/notkun gervigreindar | Ekkert af þessu verður liðið í verkefnaskilum.                                                                                                                                                                                                                                                                                                       |
| Ábending um hjálpgögn fyrir nemendur   | Orðabækur á netinu: <a href="http://www.islex.is">www.islex.is</a> , <a href="http://www.snara.is">www.snara.is</a>                                                                                                                                                                                                                                  |
| Skyldur nemenda                        | Nemendur mæta undirbúnir í tíma, hafa farsíma og önnur tæki (þ.m.t. heyrnartól) í töskum eða í símateppi, fylgja fyrirmælum og fylgjast með heimavinnu á <a href="http://www.infomentor.is">www.infomentor.is</a> / google classroom.                                                                                                                |
| Skyldur kennara                        | Kennarar mæta undirbúnir í tíma, eru með skýrar áætlanir, fjölbreyttar kennsluaðferðir og námsmat og leiða nemandur áfram í náminu.                                                                                                                                                                                                                  |
| Stoðþjónusta nemenda                   | <a href="http://www.mms.is">www.mms.is</a> Hljóðbækur: Um víða veröld, Jörðin: <a href="https://mms.is/namsefni/um-vida-verold-jordin-hljodbok">https://mms.is/namsefni/um-vida-verold-jordin-hljodbok</a> , Lýðræði og tækni: <a href="https://mms.is/namsefni/lydraedi-og-taekni-hljodbok">https://mms.is/namsefni/lydraedi-og-taekni-hljodbok</a> |
| Hlutverk foreldra                      | Foreldrar hafa samráð við skólann um skólagöngu barna sinna, fylgjast með og styðja við skólagöngu þeirra og námsframvindu og stuðla að því að börnin mæti úthvöld í skólann og fylgi skólareglum (úr Aðalnámskrá).                                                                                                                                  |

| Tímabil                  | Náms- og viðfangsefni                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                    | Námsmat                            | Hæfniviðmið                                                                                                                                    |
|--------------------------|------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|------------------------------------|------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| 25. – 29. ágúst          | <b>Kynning á kennsluáætlun og námsefni</b><br><br><b>Af hverju samfélagsfræði?</b> <ul style="list-style-type: none"> <li>Tilgangur með námi</li> <li>Hver er tilgangurinn með því að læra samfélagsfræði?</li> </ul> <b>Hvernig vinnum við í samfélagsfræði?</b> <ul style="list-style-type: none"> <li>Góð ráð í hópavinnu og námsfélagar</li> <li>Vinnulag, framsetning og væntingar</li> </ul> <b>Hvernig nýtum við Google Classroom í kennslunni?</b> <ul style="list-style-type: none"> <li>Að vinna og skila verkefnum</li> </ul> | Æfingaverkefni                     | Lykilhæfni                                                                                                                                     |
| 1. – 5. sept             | <i>Námsefni: Lýðræði og tækni (bls. 4-43 og 134-152)</i><br><i>Glærur og annað efni frá kennara</i><br><br><b>Byltingar</b> <ul style="list-style-type: none"> <li>Hvað er bylting</li> <li>Ameríska byltingin</li> <li>Franska byltingin</li> <li>Napóleon</li> </ul>                                                                                                                                                                                                                                                                   | Skilaverkefni á Classroom          | Geta útskýrt, rökrætt og beitt mikilvægum hugtökum samfélagsgreina.                                                                            |
| 8. - 12. sept            |                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                          | Umræður og virkni í kennslustundum | Geta aflað sér upplýsinga um samfélagsleg og alþjóðleg málefni úr heimildum á fjölbreyttu formi, túlkað og hagnýtt.                            |
| 15. - 19. sept           |                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                          | Hugtakakönnun                      | Geta vegið og metið upplýsingar og skoðanir úr heimildum á margvíslegu formi, myndað sér eigin skoðanir og tekið upplýsta afstöðu til málefna. |
| 16. sept:<br>nýnemadagur |                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                          |                                    | Geta sett sig í spor fólks með ólíkan bakgrunn og viðhorf á ýmsum stöðum og tímum.                                                             |

|                         |                                                                                                                                                                                                                                                                |                                                                                          |                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                         |
|-------------------------|----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|------------------------------------------------------------------------------------------|---------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
|                         | <b>Þjóðfrelsi og lýðræði</b> <ul style="list-style-type: none"> <li>Hægfara lýðræðisþróun</li> <li>Leiðin til lýðveldi</li> </ul><br><b>Hugtakavinna og orðaforði</b><br>Unnið með hugtök tengd námsefninu<br><br><b>Upprifjun og undirbúningur fyrir próf</b> | Skilaverkefni á Classroom                                                                | Geta útskýrt þróun og uppbyggingu stjórnerfinsins og formleg tengsl Íslands og þátttöku í alþjóðasamfélaginu.<br><br>Geta sett í samhengi, sýnt fram á þekkingu og gagnrýna sýn á atburðum, tímabilum, tildrögum og gangi mannkynssögunnar.<br><br>Geta útskýrt og metið hvernig sagan hefur mótagast af ýmsum þáttum, svo sem umhverfi, hugmyndafræði, þ.m.t. trúarbrögðum viljaverkum og tilviljunum. |
| 22. - 26. sept          |                                                                                                                                                                                                                                                                | Umræður og virkni í kennslustundum                                                       |                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                         |
| 29. sept - 3. okt       |                                                                                                                                                                                                                                                                | Hugtakakönnun                                                                            |                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                         |
| 2. okt: starfsdagur     |                                                                                                                                                                                                                                                                |                                                                                          |                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                         |
| 6. - 10. okt            |                                                                                                                                                                                                                                                                |                                                                                          |                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                         |
| 13. - 17. okt           |                                                                                                                                                                                                                                                                |                                                                                          |                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                         |
| 15. okt: samskiptadagur |                                                                                                                                                                                                                                                                |                                                                                          |                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                         |
| 20. - 24. okt           |                                                                                                                                                                                                                                                                |                                                                                          |                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                         |
| 24. okt: vetrarfrí      |                                                                                                                                                                                                                                                                |                                                                                          |                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                         |
| 27. - 31. okt           | 1918 <ul style="list-style-type: none"> <li>Farið yfir árið 1918</li> <li>Lífið í sveit og borg</li> <li>Spænska veikin</li> <li>Frostaveturinn mikli</li> <li>Kötlugosið</li> </ul>                                                                           | Skilaverkefni á Classroom<br><br>Ritgerð<br><br>Hópverkefni þar sem hver hópur velur sér | Geta útskýrt, rökrætt og beitt mikilvægum hugtökum samfélagsgreina.                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                     |

|                                        |                                                                                                                                                   |                                          |                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                 |
|----------------------------------------|---------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|------------------------------------------|-------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
|                                        | <p><i>Námsefni:</i><br/><i>Glærur og annað efni frá kennara</i></p> <p><b>Hugtakavinna og orðaforði</b><br/>Unnið með hugtök tengd námsefninu</p> | einn atburð frá árinu 1918 og gera líkan | <p>Geta miðlað þekkingu, leikni og skoðunum á samfélagslegum og hnattrænum málefnum á fjölbreyttan og skapandi hátt.</p> <p>Geta gert sér grein fyrir hlutverki heimilda, sjónarhorna og gildismats í sögu og sameiginlegum minningum.</p> <p>Geta sýnt fram á skilning á íslensku samfélagi og útskýrt samhengi umhverfis, sögu, menningar, trúar, atvinnulífs og byggðapróunar.</p> <p>Geta útskýrt og metið hvernig sagan hefur mótast af ýmsum þáttum, svo sem umhverfi, hugmyndafræði, þ.m.t. trúarbrögðum viljaverkum og tilviljunum.</p> |
| 3. - 7. nóv                            |                                                                                                                                                   | Hugtakakönnun                            |                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                 |
| 10. - 14. nóv                          |                                                                                                                                                   |                                          |                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                 |
| 17. - 21. nóv                          |                                                                                                                                                   |                                          |                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                 |
| 24. - 28. nóv                          |                                                                                                                                                   |                                          |                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                 |
| <b>28. nóv:</b><br><b>starfsdagur</b>  |                                                                                                                                                   |                                          |                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                 |
| 1. - 5. des                            |                                                                                                                                                   |                                          |                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                 |
| 8. - 12. des                           |                                                                                                                                                   |                                          |                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                 |
| 15. - 19. des                          |                                                                                                                                                   |                                          |                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                 |
| <b>19. des:</b><br><b>jólaskemmtun</b> |                                                                                                                                                   |                                          |                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                 |
| <b>Jólaaleyfi</b>                      |                                                                                                                                                   |                                          |                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                 |
| 2. jan                                 | <b>Lífið mitt - Leiðarbók</b>                                                                                                                     | Dagbókarfærslur                          | <p>Geti rökstutt mikilvægi eigin jákvæðra lífsviðhorfa, hugarfar vaxtar og seiglu fyrir persónulega farsæld og þroska.</p>                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                      |
| 5. - 9. jan                            |                                                                                                                                                   |                                          |                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                 |

|                                                                                              |                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                |                                                                            |                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                      |
